

Titill	Fjallaskíði
Skammstöfun	FJAL2SK05
Námsgrein	Fjallamennska
Viðfangsefni	Fjallaskíði
Þrep	2
Einingafjöldi	5

Lýsing:	<p>Námið er vettvangsnám þar sem farið er í ferðir úti í náttúrunni þar sem tekist er á við raunaðstæður. Áherslan í áfanganum er tvíþætt. Annars vegar er áhersla á nemandann sjálfan, hans þekkingu, leikni og hæfni. Hins vegar er áhersla á leiðsögn þar sem nemandinn þjálfast í að aðstoða við leiðsögn með reyndum leiðsögumönnum.</p> <p>Megináherslan er á vetrarferðamennsku á fjöllum, útivist í snjó og skíði (alpa-, fjalla- og gönguskíði). Nemandi þjálfast í að undirbúa og takast á við krefjandi aðstæður að vetrarlagi með tilliti til öryggis, og meta aðstæður m.a. út frá snjálögum og veðurskilyrðum. Lögð er áhersla á að nemandi verði sjálfstæður í óbyggðum og þjálfist í að taka skynsamlegar ákvarðanir varðandi öruggt leiðarval og öðlist yfirsýn og þekkingu á þeim búnaði sem þarf við skíða- og vetrarferðir. Nemandi fær sýn á það hvað skiptir máli við snjóflóðamat og kynnist notkun öryggisbúnaðar s.s. snjóflóðayla og leitarstanga og hvað ber að hafa í huga við ótryggar aðstæður í vetrarfæri til fjalla.</p>
----------------	---

Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • grunnþáttum varðandi skipulag ferða • notkun sérhæfðs búnaðar til útivistar • nauðsynlegum öryggisbúnaði • eigin styrkleikum og takmörkunum • mismunandi aðstæðum • mismunandi skíðabúnaði og stjórnun skíða við utanbrautarskíðun og við mismunandi aðstæður • viðeigandi viðbrögðum við snjóflóði og notkun á snjóflóðabúnaði • mikilvægi hópstjórnunar • hagnýtri veðurfræði og náttúrufræði • skipulagi fjallaferða að vetri og þeim útbúnaði sem þarf til þeirra • rötun og leiðarvali í fjalllendi
------------------------	--

Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • greina helstu þætti við skipulag og undirbúning ferða • meta aðstæður úti í íslenskri náttúru • nýta sér aðstæður í náttúrunni og meta veðurútlit • meta eigin styrkleika og takmarkanir • sýna viðeigandi viðbrögð við snjóflóðum og notkun snjóflóðabúnaðar • meta aðstæður á snjóflóðasvæðum • þekkja til mismunandi skíðabúnaðar og stjórna skíðum í mismunandi aðstæðum • finna heppilega samstarfsaðila og tengiliði við skipulag og undirbúning ferða • skipuleggja fjölbreyttar afþreyingarferðir og nota sérhæfðan útivistarbúnað • rata og velja leiðir í fjalllendi, meta áhættu og stýra þeirri hættu
---------------------	---

Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • geta tekið ákvarðanir miðað við eigið líkamsástand, staðhætti og aðstæður • velja skíðabúnað við hæfi út frá getu og áætlaðri notkun • sýna viðeigandi viðbrögð við snjóflóði • útbúa raunhæfa ferðaáætlun fyrir styttri ferðir • taka ákvarðanir í samráði við hóp ferðafélaga • velja heppilega samstarfsaðila eða tengilið í nærumhverfi sínu • geta stundað fjölbreytta útivist á öruggan hátt og skipulagt mismunandi ferðir • rata af öryggi um ókunnar slóðir • nýta sér það sem sjá má af veðurútliti • miðla fróðleik um náttúru landsins sem fyrir augu ber á ferðalagi • meta aðstæður á raunhæfan hátt • leggja mat á hættur og stýra mögulegum áhættuþáttum • nota sérhæfðan búnað sem stuðlar að sem mestu öryggi • taka saman í lok ferðar mat á hvernig til tókst og geta dregið lærdóm af því
--------------------	---

Námsmat	Leiðsagnarmat á vettvangi og námsmappa
----------------	--

Leiðbeiningar	<p>Námsmatið er leiðsagnarmat sem unnið er með reglulegum samskiptum á milli nemenda og kennara, bæði í ferðunum sjálfum og fyrir og eftir ferðir.</p> <p>Gert er ráð fyrir fundum um námið í upphafi og lok dags á meðan á ferðum stendur.</p> <p>Nemandi skilar loggbók í lok ferðar og er hún hluti af námsmöppu. Hann skráir einnig hæfni sína í Europass.</p>
----------------------	--